

Gjaldskrá heilbrigðisþjónustu þeirra er hafa ekki sjúkratryggingu.

1. Heilsugæsla.

Fyrir aðstoð í heilsugæslu skulu þeir sem falla undir 1. og 2. mgr. 15. gr*. greiða fullt gjald eins og það er tilgreint hér að neðan.

a. Komugjöld:

Fyrir komu á heilsugæslustöð á dagvinnutíma kr. 4.100.

Fyrir komu á heilsugæslustöð vegna mæðra- og ungbarnaverndar kr. 4.100.

Fyrir komu á heilsugæslustöð utan dagvinnutíma, þ.e. milli kl. 16.00 og 08.00 og á laugardögum og helgidögum, kr. 6.100.

b. Vitjanagjöld:

Fyrir vitjun lækni á heilsugæslustöð á dagvinnutíma kr. 8.900.

Fyrir vitjun lækni á heilsugæslustöð utan dagvinnutíma kr. 11.100.

Fyrir vitjun annarra en lækna á heilsugæslustöð kr. 4.400.

c. Gjöld fyrir bóluefni vegna ungbarnaeftirlits á heilsugæslustöð greiðast til viðbótar við komugjald:

1. Trivax (DPT), kr. 2.100.
2. Polio, kr. 1.300.
3. Hib, kr. 2.500.
4. Virivac (MHR), kr. 2.000.
5. DT, kr. 800.
6. Mislingar, kr. 2.200.
7. Hettusótt, kr. 5.200.
8. Pentavac, kr. 4.200.

d. Gjöld fyrir bólusetningar (hvern skammt) á heilsugæslustöð greiðast til viðbótar við komugjald:

1. Blóðmauraheilabólga, kr. 4.000.
2. Heilahimnubólga (meningococca)
 - a. fjölvirkt fjölsykrubóluefni, kr. 5.100.
 - b. prótínbóluefni gegn stofni C (18 ára og eldri), kr. 4.400.
3. Hettusótt, kr. 5.200.
4. Hlaupabóla, kr. 6.700.
5. Hundæði, kr. 7.500.
6. Inflúensa, kr. 700.
7. Japönsk heilabólga, kr. 3.600.
8. Kólera (bóluefni til inntöku), kr. 3.100.
9. Lifrabólga A 720 ein./ml, kr. 3.000.
10. Lifrabólga A 1400 ein./ml, kr. 4.500.
11. Lifrabólga B, kr. 3.200.
12. Lifrabólga B fyrir börn, kr. 2.300.

13. Lifrabólga A og B, kr. 5.900.
14. Lifrabólga A og B fyrir börn, kr. 4.200.
15. Lungnabólga, kr. 2.200.
16. Míslingar, kr. 2.200.
17. Stífkrampi og barnaveiki fyrir fullorðna, kr. 800.
18. Taugaveiki, kr. 2.600.

e. Gjöld fyrir aðra þjónustu heilsugæslustöðvar greiðast til viðbótar við komugjald:

1. Þungunarpróf, kr. 500.
2. Streptokokkarannsóknir, kr. 600.
3. Lyfjaleit í þvagi, kr. 1.800.
4. Lykkja (t), kr. 3.300.
5. Hormónalykkja, kr. 17.000.
6. Foreldrafræðsla, kvöldnámskeið, gildir fyrir báða foreldra, kr. 6.000.

2. Sjúkrahús og aðrar stofnanir.

Fyrir aðstoð á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum þar sem kostnaður er greiddur af fjárlögum skulu þeir sem falla undir 1. og 2. mgr. 15. gr.* greiða þjónustuveitanda fullt gjald eins og það er tilgreint hér að neðan.

- a. Fyrir komu á slysadeild og bráðamóttöku skal greiða kr. 26.500 og auk þess viðbótargjöld skv. b- og c-liðum 3. tölul.
- b. Fyrir hverja komu til sérfræðilæknis á göngudeild og dagdeild sjúkrahúsa skal greiða kr. 2.200 og til viðbótar 100% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna.
- c. Fyrir sjúkra- og talþjálfun á sjúkrahúsum skal greiða kr. 2.200 auk 100% gjalds samkvæmt gjaldskrá í gildandi samningum samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við Félag sjálfstætt starfandi sjúkrapjálfara og Félag talkennara og talmeinafræðinga. Greiðslurnar veita ekki rétt til þjálfunarkorts frá Tryggingastofnun ríkisins.
- d. Fyrir meðferð húðsjúkdóma veitta á sjúkrahúsi af öðrum en læknum skal greiða kr. 4.300.
- e. Fyrir komu og endurkomu á göngudeild og dagdeild vegna þjónustu annarra en lækna skal greiða kr. 5.700.
- f. Þegar um innlögn er að ræða skal greiða meðaltal DRG-kostnaðar eins og það er reiknað út af Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Í þeim tilvikum sem kostnaður fer umfram viðmiðunarmark DRG-meðaltals skal greiða raunkostnað. Upplýsingar um meðaltal DRG-kostnaðar skal birta á heimasíðu Landspítala – háskólasjúkrahúss.

3. Sameiginleg ákvæði um gjaldtöku fyrir þjónustu í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.

- a. Gjöld fyrir læknisvottorð skulu miðast við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 3.300 fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.
- b. Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknarstofu og vegna rannsóknar á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknarstofu skal greiða kr. 2.200 og til viðbótar 100% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna.

- c. Fyrir hverja komu til geisla- og myndgreiningar skal greiða kr. 2.200 og til viðbótar 100% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna.
- d. Fyrir nauðsynlega túlkajónustu skal sjúklingur greiða fullt gjald samkvæmt gjaldskrá Alþjóðahúss.

4. Sjúkraflutningar.

Fyrir sjúkraflutninga skal sjúklingur greiða kr. 475 á hvern ekinn kílómetra.

*Reglugerð 1076 um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna.